


Leidir þeirra liggja óvænt saman en þau eru eins og svart og hvítt 32

Handrit Whites gefið út

Rithöfundurinn vildi að það væri brennt



Patrick White

Tilkynnt hefur verið að á næsta ári, þegar öld er liðin frá fæðingu Patrick Whites, kunnasta rithöfundar Ástralíu, verði gefin úr skáldsaga sem hann lét eftir sig í ófrágengnu handriti. White hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1973 og lést árið 1990. Í umsögn Nóbelsnefndarinnar var hann sagður hljóta verðlaunin fyrir sögulega og sálreinanandi skáldsagnalist sem kynnti umheiminn fyrir bókmenntum Eyjaálfa. Þekktustu skáldsögur hans eru *The Tree of Man*, *The Vivisector* og *Voss*.

Handritið að hinni væntanlegu bók, *The Hanging Garden*, fannst meðal annarra þappíra sem White óskaði eftir að yrðu brenndir eftir hans dag.

Skiptastjóri dánabúsins, Barbara Mobbs, varð ekki við óskinni heldur geymdi skjölín í áratug áður en hún ákvað að þau yrðu ekki brennd.

Eftir að hafa hugsað sig um í nokkur ár til ákvað hún að láta gefa bókina út.

„Ég efast ekki um að hún verðskuldi að komast á prent,“ segir Mobbs.

„Annað kom ekki til greina.“

Lesið var út úr handritinu í fyrra og það slegið inn í tölvu en enn hefur ekki verið samið við forlag um útgáfa.

Tónlist Herdís Anna á Tíbrártónleikum

Sópransöngkonan Herdís Anna Jónsdóttir og rússneski píanóleikarinn Semjon Skigin koma fram á Tíbrártónleikum í Salnum á morgun, laugardag. Hefjast tónleikarnir kl. 17.

Efnisskrá tónleikanna er blómleg þar sem fluttir verða ljóðasöngvar eftir Grieg, Schumann, Richard Strauss, Debussy, Rachmaninov og fleiri. Ljóðasöngvarnir eru úr mismunandi heimshlutum en eiga það allir sameiginlegt að fjalla um blóm.

Herdís Anna stundar nú nám við Hanns Eislerháskólann í Berlín. Hún er tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem bjartasta vonin.



Herdís Anna Jónsdóttir

Myndlist Svitahofið sem innsæisefling

Þessa dagana stendur yfir sýningin *Marglaga – skynjunarskóli* í Kling & Bang, Hverfisgötu 42.

Tveir athyglisverðir viðburðir verða á sýningunni um helgina. Á morgun, laugardag, klukkan 15, mun Goddur, Guðmundur Magnússon prófessor, fjalla um svitahofið sem innsæiseflingu og leið til að komast á annað stíg skynjunar.

Á sama tíma á sunnudag, klukkan 15, mun Hildigunnur Birgisdóttir myndlistarmaður fjalla um samhengi hlutanna. Skipulagðir viðburðir fara fram á kvöldin og um helgar en sýningin er opin alla daga nema mánudaga kl. 14 til 18.



Godður

Myndlist Sýningu Guðmundar og Kristins lýkur

Nú stendur yfir í sal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu sýning Guðmundar Ármanns og Kristins G. Jóhannssonar en sýninguna kalla þeir *Ristur*.

Guðmundur Ármann sýnir nýjar tréristur þar sem myndefnið er náttúran og birtuspilið en Kristinn sýnir verk skorin í dúk en þau voru gerð fyrir sýningu í Rauða húsinu á Akureyri fyrir 30 árum. Kristinn G. segir um myndefnið að hann hafi lengi verið „aðdáandi einlægs handbragðs á smíðuðum, ofnum og þrjónuðum hversdagshlutum“.

Sýningu þeirra félaga lýkur á sunnudaginn kemur og er hún opin kl. 14-18 daglega þangað til.



Kristinn við eitt verka sinna.

Sýna allar tegundir grafíkur

Í Listasafni Reykjanesbæjar sýna 16 listamenn verk sín

Einar Falur Ingólfsson efi@mbl.is

Þrykkt er heiti sýningar sem opnar í Listasafni Reykjanesbæjar á morgun, laugardag klukkan 15. Er þetta samsýning með sögulegu ívafi; ný verk eftir 16 íslenska grafíklistamenn eru sett upp í aðalsýningarsalnum en ennfremur gefur að líta sögulegt og tæknilegt yfirlit íslenskrar grafíkur í hljóðarsal.

„Að stofni er þetta sýning sem var sett upp í Stokkhólmi í vetur en ég bætti við fjórum listamönnum til að fá stærri og fyllri sýningu,“ segir Aðalsteinn Ingólfsson sýningarstjóri.

Þegar hann er spurður út í íslenska grafíklist í dag, segir hann hana fjölbreytilega en hún njóti þó



Þrykkt hengd upp Elva Hreiðarsdóttir formaður Íslenskrar grafíkur, Aðalsteinn Ingólfsson sýningarstjóri og Valgerður Guðmundsdóttir safnstjóri.

ekki sömu hylli og hún gerði á árum áður.

„Það er ströggil fyrir grafíkera að gera sig gildandi og að fá sömu at-

hygli og aðrar listgreinar,“ segir hann. „Þeir hafa að vissu leyti orðið útundan.“

Aðalsteinn segist hafa velt fyrir

sér hver sé ástæðan, hvort þeir hafi ekki haft sig nægilega í frammifari eða hvort þeir fái ekki nægilegan stuðning en hinsvegar sjáist vel á sýningunni að þetta eru góðir listamenn.

„Þetta eru allar tegundir grafíkur; steinprent, messótintur, silkiþrykk, málmæting, tréristur. Á sýningunni eru öll afbrigði grafíktækni.“

Eins og myndlistin í heild hér á landi þá er myndefnið nokkuð náttúrutengt, minnihluti er beinlínis að fást við mann og umhverfi.

Við sjáum tilraunir til að hrista upp í miðlinum formrænt. Við sjáum þrívíð verk, eins og þau sem Valgerður Hauksdóttir gerir, eins konar borða sem þrykkt er á og eru hengdir í loftið; gengið er inn í verk-ið. Anna Sigmarsdóttir er líka með gólfverk sem gengið er kringum og inn í.“

Aðalsteinn segir að eitt markmið sýningarinnar sé að vinna með neendum í grunnskólum í Reykjanesbæ. Þeir fá kynningu á grafíklistinni og vinna síðan að verkefni með skólum á Norðurlöndum. Af-rakstur þess verður sýndur í haust.

Ferðir og fyrirheit

MYNDLIST ANNA JÓA



Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

Án áfangastaðar – samsýning ★★★★★

Til 10. apríl 2011. Opíð alla daga kl. 10-17. Aðgangseyrir: fullorðnir 1000 kr., hópar (10+) 600 kr., námsmenn yngri en 25 ára 500 kr., börn yngri en 18 ára, eldri borgarar og öryrkjar: frítt. Árskort 3000 kr. Sýningarstjóri: Markús Þór Andrésson.

Í Hafnarhúsinu hefur verið sett upp metnaðarfull myndlistarsýning sem gerir ferðalög að umfjöllunarefni. Yfirskriftin „Án áfangastaðar“ undirstríkar huglæga afstöðu, ferðahug, viðhorf og væntingar til ferðalagsins og ferðareynslunnar. Þá er höfðað til sýningargesta, sem sjálfir eru á ferð um rými listasafnsins, og þannig leitast við að gera þá að þátttakendum í þessari ferð án fyrirheits. Sýnendur eru á þriðja tug og af ýmsu þjóðerni. Verkin eru í sölum A, B og C og spanna þau ýmsa miðla, allt frá málverki á striga til vegaskilta og í afmörkuðu rými í sal B eru sýndar kvikmyndir.

Á þessari sýningu er hugtakið áfangastaður sérstaklega tengt ferðamennsku og ferðalögum í fræðslu- eða afþreyingarskyni. Á

Vesturlöndum má rekja sögu slíkrar ferðamennsku aftur í aldir og þá ekki síst til 18. aldar þegar skipulagðar hóperferðir ferðamanna (vísir að ferðamannaíðnaðinum eins og við þekkjum hann) tók að mótast samfara uppgangi borgarstéttarinnar og hugmyndum um lýðræðisvæðingu menningarinnar. Menningarborgin Róm ásamt Pompei og Herculaneum vöktu væntingar sem tengdust menningu endurreisnartímans og fornum náttúruhamföllum. Alþjóðin gáfu rómantísk fyrirheit um háleita tilfinningareynslu – en slík ferðalög tengdust auknum almennum áhuga á náttúrunni og náttúru-tengdum verkum í bókmenntum og listum. Skáldverk, ferðasögur, ljóð og málverk áttu þannig þátt í að (endur)skapa staði sem áfanga ferðalanga. Hvað málverkið og síðar ljósmyndun snertir, urðu strax á 18. öld til upphafnar myndrænar formúlu sem gáfu fyrirheit um ákveðna reynslu – og slíkar formúlur hafa svo á hinn bóginn mótað hugmyndir tengdar einstökum stöðum.

Ísland í brennidepli

Slíkar hugmyndir hófu að mótast um Ísland á 18. öld samfara upplýsingu og rómantískum viðhorfum – og þær lóða að einhverju leyti ennþá við land og þjóð. Íslendingar hafa sjálfir átt þátt í að viðhalda slíkum viðhorfum, ásamt því að skapa nýjar myndir í tengslum við slagorð á borð við „Pure, Natural, Unspoilt“ sem táknar Ísland í heimskorti Evu Arnqvist í A-sal. Þar gefa slagorð, ekki síst þau

er tengjast markaðssetningu, löndin til kynna fremur en hefðbundinn landfræðilegur uppdráttur. Þetta er kímíð verk sem vekur til umhugsunar um „gildi, merkingu og sjálfs-skilning“ svo vitnað sé í sjálft heiti myndbandsverks hennar. Upphafnar sjónvarpsauglýsingar á áfangastöðum ferðamanna miðla í verkinu einleitum sýndarveruleika, jafnvel þótt hann geri út á menningarmun. Kaldhæðni Arnqvist er þó blönduð manúð, því að hún fjallar öðrum þræði um sammanleggar langanir og þrár, þ.e. um væntingar fremur en staðinn sjálfan, væntingar sem markaðsöfl neyðslusamfélagsins nýta sér í botn.

Verkin í þessum sal snúast sem fyrr segir um ferðahug, væntingar og huglæga reynslu – sem áhorfandi getur speglað sig í. Íslandstengd verk Roni Horn og Hamish Fulton lýsa persónulegri ihugun. Í myndum Horn má í senn skynja nánd og óendanleika – kenndir sem Haraldur Jónsson nær hugvitsamlega utan um með verki sínu; en Fulton sækist eftir því að „ná utan um“ Mýrdalsjökul í mónumentalísku verki sem kallar fram minningar um hálendisferðir. Í innsetningu Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur er háfleygum væntingum haldið niðri á jörðinni eða í hversdagisleikanum en verk hennar myndar samhlóm við fallett bókverk Unnar Arnar Auðarsonar um ferðasafnarann Skafta Guðjónsson, sem og viðfangsefni Johans Furákera, Alberts Dadas, manns á valdi ferðafíknar.



Morgunblaðið/Sigurgeir S

Ýmiskonar ferðatengsl Hér má sjá röð verka eftir Einar Garibalda á veggnum en North #2 Kristins E. Hrafnssonar á gólfi.

Sjónbaugurinn og áttirnar eru áberandi á efri hæðinni, í sölum B og C. Skilti Einars Garibalda minna á þá landslagssýn sem birtist í verkum frumherjanna í landslagsmálum, sýn sem mótað hefur menningarleg viðhorf og væntingar. Annað verk eftir Einar fjallar um tengsl kortafræðilegra tákna, huglægra (þ.m.t. mál-aðra) og raunverulegra staða. Málverk Húberts Nóa skírskota til ólíkra staða, þ. á m. listasafnsins og hnippir þannig í sýningargestinn sem „staddur“ er á mörgum stöðum samtímis. Fiete Stolte vísar í verki sínu til allra átta en áréttar um leið huglægni reynslunnar líkt og Kristinn Hrafnsson sem skapar hringlaga rými eða sjónbaug sem ber hugann í norðurátt. Hér getur að líta fjölda áhugaverðra verka, þ. á m. kvik-myndir sem fela í sér frásagnarformið: ferðasögur Íslendinga og út-lendinga í fortíð sem nútíð, tónlist

sem sérhönnuð er fyrir flugvélar Ícelandair og *Hringinn* eftir Friðrik Þór Friðriksson. Vert er að benda á afar vel unninn sýningartexta og umfjöllun um verk listamannanna sem nálgast má á vefsvæði Listasafnsins.

Ísland er að ýmsu leyti í brennidepli á þessari velheppnuðu sýningu, en með henni hefur einnig verið efnt til umræðu um ferðalöngunustu og áhrif hennar á landið – sem er knýjandi málefni. Framlag sýningarinnar felst ekki síst í því að íhuga gildi ferðareynslunnar sjálftrar; reynslu sem byrjar að mótast í huga ferðamannsins og á sér rætur í menningunni og í einstaklingsbundnum löngunum. Hún leiðir hann inn á nýjar slóðir, huglægar sem áþreifanlegar. „Án áfangastaðar“ fjallar því öðrum þræði um Ísland sem uppsprettu ófyrirséðrar og dýrmætrar reynslu hvers og eins lífsferðalangs.